

S T A R F S R E G L U R
um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar
nr. 1111/2018, sbr. starfsrgl. nr. 402/2021.

1. gr.

■ Hlutverk samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar er að eigin frumkvæði eða að ósk einstakra safnaða og kirkjulegra stofnana að boða til funda og málþinga um mál er snerta kirkju og samfélag í því skyni að vekja umræðu innan kirkju sem utan, veita fræðslu og afla sér þekkingar, og koma fram kristnum sjónarhornum.

□ Samfélags- og fræðslunefndin skal eftir því sem við á hafa samvinnu við nefndir og stofnanir kirkjunnar og samfélagsins um þau málefni sem hún tekur til umfjöllunar.

2. gr.

■ Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar skilar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi.

□ [Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem kirkjuráð fjallar um og leggur fram í fjárhagsáætlun fyrir kirkjuþing.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 36. gr.

3. gr.

■ Biskup Íslands skipar fimm fulltrúa í samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnisstjórar frá fræðslusviði, kærleiksþjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Nefndin skal skipa með sér verkum.

4. gr.

■ [...] ¹⁾

1) Starfsrgl. 402/2021, 37. gr.

5. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

■Kosið skal til samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum þessum á kirkjuþingi 2018 og gildir sú kosning út kjörtímabilið.